



HAFNARSVÆÐIÐ Á SIGLUFIRÐI

FORNLEIFASKRÁNING VEGNA DEILISKIPULAGS



Byggðasafn
Skagfirðinga

ÁSTA HERMANNSDÓTTIR
BYGGÐASAFN SKAGFIRÐINGA
2023/275

Höfundur: Ásta Hermannsdóttir. 2023/275

Mynd á forsíðu: Gamli Slippurinn og næsta nágrenni.

© Byggðasafn Skagfirðinga, 2023. Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

INNGANGUR	2
TILGANGUR FORNLEIFASKRÁNINGAR	3
AÐFERÐARFRÆÐI	4
SAMANTEKT	5
FORNLEIFASKRÁ.....	7
HEIMILDASKRÁ	12

Inngangur

Byggðasafn Skagfirðinga tók að sér skráningu vegna deiliskipulags á hafnarsvæði Siglufjarðar að beiðni Írisar Stefánsdóttur, skipulagsfulltrúa Fjallabyggðar.

Fyrir lá eldri fornleifaskráning á deiliskipulagssvæðinu sem unnin var árið 2004 (Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir, 2005). Skráningarvinnan nú fólst í að heimsækja skráða minjastaði, taka ný hnit og ljósmyndir. Vettvangsvinna fór fram 26. september 2023. Þar sem svæðið er mjög raskað af seinni tíma framkvæmdum, enda inni í þéttbýli, og umhverfi gerbreytt var engar óþekktar minjar að sjá á vettvangi. Einar minjar sáust á loftmynd og var þeim bætt við skráninguna. Ásta Hermannsdóttir fornleifafræðingur sá um vettvangsvinnu og skýrslugerð. Bryndís Zoëga landfræðingur sá um kortagerð.

Örlygur Kristfinnsson og starfsmenn Síldarminjasafnsins fá þakkir fyrir aðstoð og veittar upplýsingar.

Verknúmer Minjastofnunar Íslands: 3139



Tilgangur fornleifaskráningar

Fornleifaskráning er forsenda þess að hægt sé að gera heildstætt mat á minjum og minjagildi og er undirstaða allrar minjavörslu og áætlunar um varðveislu og kynningu minja. Með markvissri heildarskráningu skapast grundvöllur til að fylgjast með minjastöðum, hvort þeir séu í hættu vegna skipulagsgerðar eða annarra framkvæmda og hvort náttúrulegar aðstæður geti spilt þeim á einhvern hátt.

Allar fornleifar eldri en 100 ára falla undir ákvæði laga um menningarminjar nr. 80/2012.¹ Fornleifar teljast, samkvæmt 3. gr. laganna, „hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri [...]“.

Um skráningu vegna skipulags og undirbúnings framkvæmda segir í 16. gr.: „Skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skal fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi. Áður en deiliskipulag er afgreitt eða leyfi til framkvæmda eða rannsókna er gefið út skal skráning ætíð fara fram á vettvangi. [...] Sá sem ber ábyrgð á skipulagsgerð í samræmi við skipulagslög skal standa straum af kostnaði við skráninguna. Ríkissjóður skal þó bera kostnað af fornleifaskráningu sem fram fer innan þjóðlendu nema um annað hafi verið samið. Skulu skipulagsyfirvöld hafa samráð við Minjastofnun Íslands um tilhögun skráningar eða endurskoðun á fyrri fornleifa-, húsa- og mannvirkjaskrár með hliðsjón af fyrirhuguðum breytingum á skipulagi [...]“.

Í 24 gr. segir: „Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskonun umsvifalaust svo skera megir um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megir fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.“ Þetta á að sjálfsögðu bæði við um minjar sem ekki eru sýnilegar á yfirborði en koma í ljós við jarðrask sem og minjar sem kunna að finnast eftir að fornleifaskráningu lýkur og skráningaraðilum hefur af einhverjum sökum yfirsétt.

¹ Lögin má í heild skoða á vefsíðu Alþingis: <https://www.althingi.is/lagas/nuna/2012080.html>

Aðferðarfræði

Í undirbúningi að vettvangsskráningu fornleifa er farið í gegnum ritheimildir, svo sem fornbréfasafn, örnefnaskrár, jarðabækur og byggðasögurit, auk þess sem talað er við staðkunnuga þar sem það er mögulegt. Vettvangsferðir felast í því að svæði eru gengin og minjar leitaðar uppi, þeim lýst og þær mældar upp og ljósmyndaðar. Þar sem mögulegt er eru loftmyndir notaðar til að greina minjar eða svæði þar sem líklegt er að minjar finnist.

Í skýrslunni fá allar staðsettar fornleifar nafn jarðarinnar sem þær tilheyra auk verkefnanúmers sem Minjastofnun Íslands úthlutar og hlaupandi númers (Hvanneyri-3139-1). Númerið er notað þegar vísað er til fornleifa í texta og á kortum.

Lagt er mat á um hvaða tegund minja er að ræða eins og hægt er, þ.e. hífýli manna, útihús o.s.frv., hversu vel þær eru varðveittar og í hve mikilli hættu þær eru af völdum utanaðkomandi áhrifa. Ástand minja og hættumat er gefið upp eftir skráningarstöðlum Minjastofnunar Íslands sem finna má á vef stofnunarinnar: www.minjastofnun.is. Hættumat í þessu tilfelli miðast við mögulega hættu vegna framkvæmda á deiliskipulagssvæðinu.

Minjarnar voru mældar upp á vettvangi með GPS tækjum sem gefa nákvæmni undir 1m í skekkju. Loftmyndir af skráningarsvæðinu voru fengnar hjá verkkaupa.

Samantekt

Deiliskipulagssvæðið er allt innan hinnar gömlu Hvanneyrarjarðar í Siglufirði. Allar fornleifar innan skráningarsvæðisins eru horfnar af yfirborði. Einum minjum var bætt við eldri skráningu en þær voru ekki orðnar að fornleifum þegar skráning fór fram 2004. Að öðru leyti voru aðeins tekin ný hnit á áður skráðum minjum, nýjar ljósmyndir og aðstæðum á vettvangi lýst. Minjarnar sem bættust við voru undirstöður bryggju (3139-8) sem sjást á loftmynd frá 1994 og eru einungis nýlega horfnar. Helstu heimildir um minjar á svæðinu eru kort Bjarna Þorsteinssonar frá 1868 og 1888 (skoðuð í eldri fornleifaskráningarskýrslu: Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2005:82). Eru þar merktar inn staðsetningar húsa sem eru nú löngu horfin. Allar skráðar minjar úr eldri skráningu, utan einar, eru slíks eðlis, þ.e. áætlaðar staðsetningar húsa sem eru horfin. Lögð er áhersla á að um áætlaðar staðsetningar er að ræða í öllum tilfellum þar sem engin merki sjást um húsin á yfirborði og því má gera ráð fyrir einhverri skekkju.

Á mynd 1 má sjá yfirlitskort yfir allar skráðar minjar á deiliskipulagssvæðinu. Í töflu 1 er yfirlit yfir allar skráðar minjar, tegund, hlutverk og hættumat.

Tafla 1. Minjar sem skráðar voru á vettvangi.

Númer	Jörð	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Ástand	Hættumat
3139-1	Hvanneyri		Lending	Heimild	Sést ekki	Engin hætta
3139-2	Hvanneyri	Syðra Pakkhús	Annað, pakkhús	Heimild	Sést ekki	Engin hætta
3139-3	Hvanneyri	Niðursuðuhús	Annað, niðursuðuhús	Heimild	Sést ekki	Engin hætta
3139-4	Hvanneyri	Gamla búð – Nýja búð	Annað, verslunarhús	Heimild	Sést ekki	Engin hætta
3139-5	Hvanneyri	Bræðsluhús	Annað, bræðsluhús	Heimild	Sést ekki	Engin hætta
3139-6	Hvanneyri	Salthúsið	Annað, salthús	Heimild	Sést ekki	Engin hætta
3139-7	Hvanneyri	Síldarhús	Annað, geymsla, íbúð	Heimild	Sést ekki	Hætta
3139-8	Hvanneyri		Bryggja	Heimild	Sést ekki	Engin hætta

Hættumat

Innan skráningarsvæðisins eru sjö af átta minjum ekki metnar í hættu. Minjar 3139-8 hefðu verið settar í mikla hættu vegna fyrirhugaðra framkvæmda, en eru nýlega farnar undir landfyllingu og skaðinn því þegar skeður. Minjar 3139-7 (Síldarhúsin) eru metnar í hættu, en þar gæti jarðlægum minjum stafað hætta af nálægð við framkvæmdasvæði.

Verði gerðar breytingar á áætluðum framkvæmdasvæðum á deiliskipulagssvæðinu gæti þurft að endurskoða hættumat minja.

Niðurlag

Átta minjar voru skráðar á vettvangi haustið 2023, sem að mestu leyti fól í sér uppfærslu á eldri skráningu frá 2004. Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt eða getur verið áætluð með nokkurri vissu. Þess ber að gæta að minjar geta einnig leynst undir yfirborði þótt þær sjáist ekki ofanjarðar. Þar sem fornleifar koma óvænt í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands, sbr. áðurnefnda 24. grein laga um menningarminjar, sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Hafa ber í huga að deiliskipulagssvæðið er hluti af athafnasvæði Siglufjarðar á blómaskeiði bæjarins og því ljóst að minjar geta víða leynst í jörðu, ekki einungis þar sem punkar hafa verið settir á þekktar minjar. T.a.m. voru bryggjur víða við ströndina í nágrenni 3139-8 og þar norðureftir þótt minjar um þær séu horfnar og nákvæmar staðsetningar liggi ekki fyrir.

Fornleifaskrá



Mynd 1. Yfirlitskort af skráningarsvæði. Kortagerð: Bryndís Zoëga, lofmynd frá verkkaupa.

Hvanneyri

Hvanneyri-3139-1 [Eldra númer: EY-004:022]

Hlutverk: lending

Tegund: heimild

Hættumat: engin hætta

Staðhættir

Lendingin var líklega í krikanum þar sem Eyrin mætir landi, þar er nú bryggja og landfylling og lendingin því horfin.

Lýsing

Ekkert sést af lendingunni. Ofan á lendingarstæðinu eru nú timburbryggjur og smábátahöfn.

Aðrar upplýsingar

Í eldri fornleifaskrá segir: „Í Jarðabók Árna og Páls 1712 segir: "Heimræði er hjer, lending góð og skipsuppsátur, og mega ganga so mörg skip sem staðarhaldarinn getið við komið." Talið er að aðallending og höfn hafi jafnan verið í krikanum sunnan þess þar sem Eyrin mætir landi - þar varð einmitt fyrsta þéttbýlismyndun á Siglufirði. Þar er nú smábátahöfn Siglufirðinga og mun töluverð uppfylling hafa bæst við eyrina - áður gekk sjór mun lengra til norðurs og vesturs.“ (Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2005:55).



Mynd 2. Smábátabryggja þar sem áður var lending. Horft til vesturs.

Hvanneyri-3139-2 [Eldra númer: EY-004:060]

Sérheiti: Syðra Pakkhús

Hlutverk: annað, pakkhús

Tegund: heimild

Hættumat: engin hætta, minjar eru fjarri framkvæmdasvæðum

Staðhættir

Suður af Genis (Gránugötu 17) er slétt grasflöt, opið svæði. Niðursuðuhús (3139-3) stóð nokkru norðar.

Lýsing

Engar minjar sjást um húsið á yfirborði. Óvíst er hvort minjar hússins finnast í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í eldri fornleifaskrá segir: „Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Sem kunnugt er setti Snorri Pálsson upp niðursuðuverksmiðju 1878. Yfir þá starfsemi var byggt hús, sennilega úr timbri. Það stóð sunnan Gránugötu, ef til vill nokkuð út í götuna, eins og hún er í dag, suður af ráðhúsi Siglufjarðar austanverðu. Þegar verksmiðjan hætti starfsemi sinni keypti Hafliði Guðmundsson húsið og breytti því í íbúðarhús...Kristín Antonsdóttir ekkja frá Skarðdal keypti



Mynd 3. Slétt grasflöt, opið svæði, sunnan við Gránugötu 17 sem er í baksýn. Horft til norðurs.

húsið 1901 og setti þar upp brauðgerð, fyrsta bakarí á Siglufirði. Hún seldi það aftur Sigurði Sveinssyni bakara 1904, en húsið brann til kaldra kola á næsta ári." Niðursuðurhús 043 og Syðra-Pakkhús sjást bæði á korti Bjarna Þorsteinssonar frá 1888. Þau hafa verið fast sunnan við núverandi höfn en austan tjaldstæðis, pakkhúsið nær sjó en niðursuðuhúsið fast norðvestan við það. Grasblettur í órækt er beint norður af bryggjunni en hús allt um kring, aðallega verksmiðju- og iðnaðarhúsnæði.“ (Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2005:62).

Hvanneyri-3139-3 [Eldra númer: EY-004:043]

Sérheiti: Niðursuðuhús

Hlutverk: annað, niðursuðuhús

Tegund: heimild

Hættumat: engin hætta, minjar eru fjarri framkvæmdasvæðum

Staðhættir

Við suðurenda húss Genis (Gránugata 17). Sunnan við húsið er slétt grasflöt, opið svæði.

Lýsing

Engar minjar sjást um húsið á yfirborði. Óvíst er hvort minjar hússins finnast í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í eldri fornleifaskrá segir: „Í ritinu Frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Sem kunnugt er setti Snorri Pálsson upp niðursuðuverksmiðju 1878. Yfir þá starfsemi var byggt hús, sennilega úr timbri. Það stóð sunnan Gránugötu, ef til vill nokkuð út í götuna, eins og hún er í dag, suður af ráðhúsi Siglufjarðar austanverðu. Þegar verkmiðjan hætti starfsemi sinni keypti Hafliði Guðmundsson húsið og breytti því í íbúðarhús...Kristín Antonsdóttir ekkja frá Skarðdal keypti húsið 1901 og setti þar upp brauðgerð, fyrsta bakarí á Siglufirði. Hún seldi það aftur Sigurði Sveinssyni bakara 1904, en húsið brann til kaldra kola á næsta ári." Niðursuðurhús og Syðra-Pakkhús [060] sjást bæði á korti Bjarna Þorsteinssonar frá 1888. Þau hafa verið fast sunnan við núverandi höfn en austan tjaldstæðis, pakkhúsið nær sjó en niðursuðuhúsið fast norðvestan við það. Grasblettur í órækt er beint norður af bryggjunni en hús allt um kring, aðallega verksmiðju- og iðnaðarhúsnæði.“ (Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2005:59).

Húsið var reist u.þ.b. 1881 (Húsaskráning Siglufjarðar:15).

Hvanneyri-3139-4 [Eldra númer: EY-004:028]

Sérheiti: Gamla búð – Nýja búð

Hlutverk: annað, verslunarhús

Tegund: heimild

Hættumat: engin hætta, minjar eru fjarri framkvæmdasvæðum

Staðhættir

Á svæðinu þar sem nú er hús Genis (Gránugata 17) og bílaplan norðan við það.

Lýsing

Engar minjar sjást um húsið á yfirborði. Óvíst er hvort minjar hússins finnast í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í eldri fornleifaskrá segir: „Samkvæmt kortum Bjarna Þorsteinssonar frá 1868 og 1888 voru gamla og nýja verslunarhúsið á Siglufirði sunnan við Maddömuhús 042 og Faktorshús 007 en



Mynd 4. Bílaplan og Gránugata 17. Horft til suðurs.

fast suðaustan við Ytrahús 005. Í ritinu frá Hvanndölum til Úlfsdala segir: "Snorri reisti einnig nýtt verslunarhús, sem tekið var í notkun 1882. Það stóð rétt vestan við Faktorshúsið, aðeins mjótt sund á milli. Þetta hús var verslunarbúð og aðalmiðstöð Gránufélagsins til 1908..." Þar eru nú ýmis verksmiðjuhús sunnan Gránugötu en austan tjaldstæðis." (Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2005:56).

Húsið var reist 1882 (Húsaskráning Siglufjarðar:15).

Hvanneyri-3139-5 [Eldra númer: EY-004:031]

Sérheiti: Bræðsluhúsin

Hlutverk: annað, bræðsluhús

Tegund: heimild

Hættumat: engin hættu, minjar eru fjarri framkvæmdasvæðum

Staðhættir

Skammt norður af skrifstofuhúsum Ramma hf. Á svæðinu er gamli Slippurinn: dráttarbraut frá því um 1930 og verkstæðishús reist 1934 (Húsaskráning Siglufjarðar:389, Síldarminjasafn Íslands).

Lýsing

Engar minjar sjást á yfirborði. Skv. korti Bjarna Þorsteinssonar 1888 voru húsin tvö. Óvíst er hvort minjar hússins finnast í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í eldri fornleifaskrá segir: „Á korti Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði 1888 sjást svonefnd Bræðsluhús beint upp eða vestur af Salthúsi 030. Þar er nú athafnasvæði Þormóðs ramma.“ (Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2005:56).



Mynd 5. Gamli Slippurinn og nánasta umhverfi. Þar stóðu líklega bæði Bræðsluhúsin (3139-5) og Salthúsið (3139-6).

Hvanneyri-3139-6 [Eldra númer: EY-004:030]

Sérheiti: Salthúsið

Hlutverk: annað, salthús

Tegund: heimild

Hættumat: engin hættu, minjar eru fjarri framkvæmdasvæðum

Staðhættir

Skammt austur af Bræðsluhúsunum (3139-5) skv. korti Bjarna Þorsteinssonar. Norðaustur af athafnasvæði Ramma hf., við norðurenda dráttarbrautarinnar, við Slippinn.

Lýsing

Engar minjar sjást á yfirborði. Nú er þarna dráttarbraut Slippsins og opið svæði þar í kring. Óvíst er hvort minjar hússins finnast í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í eldri fornleifaskrá segir: „Á korti Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði 1888 sést hús, nefnt Salthús, stóð syðst og austast á Eyrinni, upp af bryggju sem þar hefur verið. Þar er nú athafnasvæði Þormóðs ramma.“ (Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2005:56).

Hvanneyri-3139-7 [Eldra númer: EY-004:032]

Sérheiti: Síldarhúsin

Hlutverk: annað, geymsla, íbúð

Tegund: heimild

Hættumat: hætta, vegna nálægðar við framkvæmdasvæði

Staðhættir


Um 40 m NNA af Salthúsinu, aftan við þjónustustöð Olís. Þar er nú opið svæði og stendur nyrst á því eitt gamalt hús í niðurníðslu (Tjarnargata 8, reist 1908 (Húsaskráning Siglufjarðar:391)).

Lýsing

Engar minjar sjást um Síldarhúsin á yfirborði. Tjarnargata 8 er ekki húsið sem sést á kortinu 1888. Óvíst er hvort minjar hússins finnast í jörðu.

Aðrar upplýsingar

Í eldri fornleifaskrá segir: „Á korti Bjarna Þorsteinssonar af Siglufirði 1888 sjást "Síldarhúsin" austast á Eyrinni sunnarlega, norður af Salthúsi 030. Þetta mun sama hús og segir frá í Frá Hvanndölum til Úlfsdala: "Verslunarhúsið var byggt rétt í fjöruborði, sunnan Gránugötu. Húsið stendur enn að formi til. Það var lengi notað sem geymsluhús síldar kaupmanna, en síðar var efri hæð þess breytt í sumaríbúð síldarkvenna, og þá nefnt "Hafliðabrákki". Þar er nú gamalt, járnklætt timburhús í algerri niðurníðslu. Það er tvílyft, snýr frá norðri til suðurs og er um 20 x 7 m stórt.“ (Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir 2005:56-57).



Mynd 6. Opið svæði. Þjónustustöð Olís efst til vinstri, Tjarnargata 8 efst fyrir miðju.

Hvanneyri-3139-8

Hlutverk: bryggja

Tegund: heimild

Hættumat: engin hætta

Staðhættir

Undir landfyllingu norðaustur af Slippnum. Sést á loftmynd t.a.m. frá 1994 (Landmælingar Íslands), þá um 30 m frá landi.

Lýsing

Minjarnar sjást ekki á yfirborði, en mælast af loftmynd (frá 1994) um 35x7 m. Um er að ræða einskonar kassa sem byggðir voru úr miklum trjám og fylltir af grjóti til að standast álag hafíss. Ofan á kassana var sjálf bryggjan byggð (Örlygur Kristfinnsson 2023). Leifar bryggjunnar sjálfrar eru horfnar.

Aðrar upplýsingar

Um er að ræða undirstöður löndunarbryggju söltunarstöðvar Hafliða hf. sem smíðuð var af Eldeyjar-Hjalta Jónssyni um 1917. Bryggjan var sú allra öflugasta, byggð úr timbri og stóð einna lengst af bryggjunum á svæðinu. Síðustu leifarnar hafa horfið líklega um 2000 (Örlygur Kristfinnsson 2023). Einungis þessar undirstöður eru sjáanlegar á loftmyndum síðustu ára sem minjar um bryggjurnar á svæðinu.

Landfylling var sett yfir svæðið á árunum 2017-2023 (Íris Stefánsdóttir 2023).

Heimildaskrá

Birna Lárusdóttir og Sigríður Þorgeirsdóttir. 2005. *Fornleifaskráning í Hvanneyrarhreppi I. Minjar á Úlfisdölum og í Siglufjarðarbæ*. FS284-04041. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands.

Kanon arkitektar. *Húsaskráning Siglufjarðar* 1. áfangi 2012/13. Uppfært desember 2017. https://husaskraning.minjastofnun.is/Husakonnun_171.pdf. Skoðað 6.11.2023

Landmælingar Íslands. *Loftmyndasjá*. Loftmynd frá 1994: <https://atlas.lmi.is/mapview/?application=loftmyndasja>. Skoðað 6.11.2023

Síldarminjasafn Íslands. *Slippurinn*. <http://www.sild.is/syningar/slippurinn/>. Skoðað 7. nóvember 2023.

Óútgefnar heimildir

Deiliskipulag hafnarsvæðis á Siglufirði, Fjallabyggð. Tillaga. 30.10.2023.

Skýringaruppdráttur. Deiliskipulag hafnarsvæðis á Siglufirði, Fjallabyggð. 30.10.2023.

Heimildarmenn

Íris Stefánsdóttir, 6. nóvember 2023

Örlygur Kristfinnsson, 4. nóvember 2023

Fylgiskjal

Jörð	minj_id	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur frá	Aldur til	Ástand	Hættumat	x	y
Hvanneyri	3139-1		lending	heimild	9. öld	20. öld	sést ekki	engin hætta	504089,3	628138,624
Hvanneyri	3139-2	Syðra Pakkhús	annað, pakkhús	heimild	19. öld	20. öld	sést ekki	engin hætta	504123,8	628139,87
Hvanneyri	3139-3	Niðursuðuhús	annað, niðursuðuhús	heimild	1881	20. öld	sést ekki	engin hætta	504123,5	628158,652
Hvanneyri	3139-4	Galma búð - Nýja búð	verslunarhús	heimild	1882	20. öld	sést ekki	engin hætta	504153,8	628203,002
Hvanneyri	3139-5	Bræðsluhús	annað, bræðsluhús	heimild	19. öld	20. öld	sést ekki	engin hætta	504319,9	628070,346
Hvanneyri	3139-6	Salthúsið	annað, salthús	heimild	19. öld	20. öld	sést ekki	engin hætta	504346	628071,624
Hvanneyri	3139-7	Síldarhúsin	verslunarhús, geymsla, íbúð	heimild	19. öld	20. öld	sést ekki	hætta	504369,9	628102,817
Hvanneyri	3139-8		bryggja	heimild	1917	2000	sést ekki	engin hætta	504411,1	628061,077